

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

63. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 03. nóvember, 2005 kl. 13.30 að Austurvegi 56, Selfossi. (SASS-húsið III hæð)

**Mættir: Einar G. Njálsson, formaður, Margrét Sigurðardóttir og Snæbjörn Sigurðsson, Bjarni Einarsson, Valdimar Guðjónsson, Einar H. Haraldsson, Torfi Áskelsson og Ólafur Leifsson.**

**Einnig mætti á fundinn: Björgvin Guðmundsson, frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.30**

**Efni fundarins var eftirfarandi:**

1. Fundargerðir stjórnar BÁ nr. 60, 61, 62, 63, 64, 65 og 66 lagðar fram.

**Fundargerðir staðfestar.**

2. **Reikningur fyrir árið 2004**

**Ársreikningur fyrir árið 2004 lagður fram**

Slökkviliðsstjóri og fulltrúi frá KPMG fóru yfir helstu staðreyndir reikningsins en þar kemur meðal annars fram skv. eftirfarandi:

**Rekstrarreikningur:**

Rekstrartekjur 43.461.967 kr.

Rekstrarkostnaður 45.409.123 kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nettó - 715.701 kr.

Rekstrarniðurstaða neikvæð -2.662.857 kr.

**Efnahagsreikningur:**

Fastafjármunir 24.226.914 kr.

Veltufjármunir 13.080.754 kr.

Eignir samtals 37.307.668 kr.

Eigið fé 11.259.503 kr.

Lífeyrisskuldbindingar 17.221.808 kr.

Langtímaskuldir 3.427.468 kr.

Skammtímaskuldir 5.398.889 kr.

Eigið fé og skuldir samtals 37.307.668 kr.

**Yfirlit um sjóðstrevmi:**

Handbært fé frá rekstri 5.689.014 kr.

Fjármögnunarhreyfingar - 1.691.505 kr.

Hækkun á handbæru fé 3.997.509 kr.

Handbært fé í árslok 10.196.625 kr.

**Reikningur fyrir árið 2004 samþykktur samhljóða.**

## 2. Húsnæðismál BÁ og tillaga fjárhagsáætlun fyrir árið 2006

Húsnæðismál BÁ rædd í framhaldi af 66. stjórnarfundum BÁ.

Þrjár tillögur hafa komið fram, SBS- húsnæði sem stjórn BÁ ákvað að hafna að sinni, samstarf með Björgunarfélagi Árborgar í nýju húsi við lögreglustöðina á Selfossi og svo tilboð frá fasteignafyrirtækinu Árfoss h.f sem býður BÁ leigu í húsnæði að Austurvegi 69a, þar hyggst fyrirtækið reisa u.þ.b. 2000 m<sup>2</sup> húsnæði á stuttum tíma. Hugmynd um að afhending gæti orðið um mitt sumar 2006. Umræður urðu um þá kosti sem lágu fyrir.

Valdimar lýsti áhuga á hugmyndinni um sameiginlega björgunarmiðstöð, Torfi tók í sama streng. Staðsetning þykir áhugaverð á húsi við Austurveg 69a.

Þeir hvöttu til yfirlegu um málið þannig að góð framtíðarlausn fengist.

Fundarmenn tóku undir.

Samþykkt að stjórn BÁ kannaði þá möguleika sem í stöðunni væru og fundaði með björgunarfélagsmönnum, fulltrúum Árfoss h/f og fulltrúum heilbrigðisstofnunar. Skoðað verði hvort unnt er að sameina þessi tvö tilboð og hvort vilji er til þess að björgunarmiðstöð verði í húsnæðinu sem Árfoss býður að Austurvegi 69a.

Fulltrúaráð samþykkti að niðurstöður og tillögur stjórnarinnar verða sendar beint til afgreiðslu aðildarsveitarstjórna BÁ í því skyni að flýta afgreiðslu málsins.

### Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006

Fyrir fundinum lágu fjórar tillögur af fjárhagsáætlun fyrir árið 2006.

Allar gerðu ráð fyrir töluverðum breytingum á húsnæðislið þar sem tekið var tillit til þeirra kosta sem í boði eru varðandi framtíðarhúsnæðismál BÁ.

Einnig er tekið tillit til samþykktar sem gerð var á dögnum þess efnis að færa leiguverð húsnæðis sem sveitarfélögin leggja BÁ til að markaðsverði.

Í ljósi þess sem samþykkt var varðandi húsnæðismál lagði formaður til að fjárhagsáætlun þar sem tekið væri tillit til færslu verðs að markaði yrði samþykkt að þessu sinni og síðan endurskoðuð þegar endanleg tillaga liggur fyrir varðandi húsnæðismálin.

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að áætlun fyrir árið 2006.

Gengið er út frá 3.5 % hækkun milli ára á alla liði, þó með nokkrum undantekningum sem skýrðar voru, t.d. húsnæðisliður.

Helstu breytingar eru í launaliðnum en nýir samningar hafa verið undirskrifaðir milli Landssambands slökkviliðsmanna og Launaneftdar sveitarfélaga.

Inn í áætlunina er tekið tillit til hækkunar á lánalið vegna bílakaupa.

Nokkrar umræður urðu um afskriftir og lífeyrisskuldbindingar.

Í heild er peningaleg hækkun launaliðar áætlunarinnar milli ára 7,9%.

Húsnæðisliður hækkar um 97,2%.

Í heild er peningaleg hækkun áætlunarinnar milli ára 6,0% án afskrifta og lífeyrisskuldbindinga

Áætluð heildarframlög sveitarfélaganna eru 53,2 millj. fyrir árið 2006.

### **Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 samþykkt samhljóða.**

3. Önnur mál

**Samþykkt hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 2. nóvember 2005 um samstarf brunavarna varðandi Gnúpverjahluta sveitarfélagsins.**

Formaður lagði fram bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 2. nóvember 2005 þess efni að samþykkt hafi verið gerð um að ganga til samstarfs um rekstur brunavarna á svæði Gnúpverjahrepps frá og með næstu áramótum.

Fulltrúaráð fagnar þessari samþykkt og vonar að gott samstarf verði við Gnúpverja í framtíðinni. Með þessari samþykkt verður sveitarfélagið í heild sinni eftir sameiningu í samstarfi með B.A.

Stjórn og slökkviliðsstjóra falið að vinna þá vinnu sem þarf þannig að sameiningin geti orðið um n.k. áramót eins og samþykktin gerir ráð fyrir.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.15**

Einar G. Njálsson, Snæbjörn Sigurðsson, Margrét Sigurðardóttir,  
Einar H. Haraldsson, Bjarni Einarsson, Ólafur Leifsson,  
Valdimar Guðjónsson, Torfi Áskelsson og Kristján Einarsson